




Umhverfisstofnun
b.t. Evu Daggar Kristjánsdóttur
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Vestmannaeyjum, 22. apríl 2014
1404035HS RÁ

Efni: Umsögn um starfsleyfistillögu fyrir fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestm.

Heilbrigðiseftirliti Suðurlands barst tölvupóstur þann 15. apríl s.l. þar sem óskað er eftir umsögn embættisins við starfsleyfistillögu til handa Ísfélagi Vestmannaeyja, fiskimjölsverksmiðju, Strandvegi 28, Vestmannaeyjum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir tillöguna og leggur til eftirfarandi ábendingar:

1. Kafli 1.2 "Eru einhver áform um meltuvinnslu?"
Þessu verði sleppt þar sem samkvæmt verksmiðjustjóra stendur ekki til að fara í meltuvinnslu.
2. Kafli 1.5 "Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar, og fjalla annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun." Tímabundin rekstrarstöðvun er teygjanlegt hugtak og spurning um skýrara orðalag.
3. Kafli 1.5 "Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef vinnsla hefur legið niðri í meira en mánuð."
Þessi tímarammi er of þröngur og lagt er til að tímaramminn sé rýmkaður þar sem starfsemi bræðslna liggur oft niðri í lengri tíma.

Að öðru leyti þá gerir embættið ekki athugasemdir við áður nefnda starfsleyfistillögu.

F. l. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands,

Ein-Aslaugsdóttir
Suðurlandsbraut
heilbrigðiseftirlit